

# FJÖLGRUNNUR

**FJÖLGRUNNUR** er hraðþornandi, alkýðbundinn ryðvarnargrunnur, sem inniheldur virk ryðvarnarefni.

**Litir:** Grár og rauður  
**Purrefni (% af rúmmáli):** 44 ± 2  
**Blossamark:** 25°C  
**Áferð:** Mött  
**Vatnsþol:** Gott  
**Sveigjuþol:** Gott



FJÖLGRUNNUR er sérstaklega hannaður fyrir gáma og aðra stál- og áhluti, þar sem stuttur þurrktími skiptir miklu máli.

## Undirbúningur flatar:

Hreinn, þurr og óskemmdur verkstæðisgrunnur (shopprimer), eða sandblástur í Sa 2,5 (ISO 8501-1:1988/SS 05 5900). Hreinsun með handverkfærum í lágm. St 2 er ásættanleg í minni verkum.

## Efnisnotkun:

| Filmþykkt í umferð - míkron | Reikn þekja |          |
|-----------------------------|-------------|----------|
|                             | Þurr        | Blaut    |
| Möguleg:                    | 40 - 60     | 90 - 135 |
| Dæmigerð:                   | 50          | 115      |

**Áhöld:** Háþrýstisprauta, loftsprauta, pensill eða rúlla.

**Þynnir / Hreinsun áhald:**  
Fjölþynnir, (Jotun þynnir Nr. 7)

**Háþrýstisprauta, leiðbeiningar :**  
**Þrýstingur við spíss:** 15 MPa (150 Bar, 2100 psi.)  
**Spíss:** 0,015" -- 0,021" (0,38 -- 0,53 mm)  
**Sprautugeisli:** 40 -- 80°  
**Sigti:** Athugið að sigti séu hrein.

**Aðstæður við málun:**  
Flöturinn sem mála á, skal vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins. Hita- og rakastig skal mæla í nánd við flötinn sem mála á.

**Þurrktími:**  
Þurrktími er almennt háður hreyfingu loftsins, hitastigi, filmþykkt og fjölda málningarumferða. Tölurnar í töflunni miðast við:  
Góða loftræstingu ( utanhúss eða eðlilega lofthreyfingu ).  
Ráðlagða filmþykkt.  
Eina umferð á óvirkt undirlag.

|                               |           |           |           |           |
|-------------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| <b>Hitastig undirlags</b>     | 5 °C      | 10 °C     | 23 °C     | 35 °C     |
| <b>Snertipurr<sup>1</sup></b> | 30 mín.   | 20 mín.   | 15 mín.   | 10 mín..  |
| <b>Gegnumþurr<sup>2</sup></b> | 2,5 klst. | 2,0 klst. | 1,5 klst. | 1,0 klst. |

## Yfirmálunartími <sup>1</sup>

Lágmark 2,5 klst. 2,0 klst. 1,5 klst. 1,0 klst.  
Hámark <sup>2</sup> -----

<sup>1</sup> Hægt er að mála yfir FJÖLGRUNN með málningar tegundum sem innihalda xýlen eða sterkari leysa innan 24 klst.  
<sup>2</sup> Fyrir málun skal flöturinn vera hreinn og þurr.

Líta verður á tölurnar í töflunni hér að ofan sem leiðbeinandi. Raunverulegur yfirmálunartími getur verið lengri eða skemmri, háður málningunni sem fyrir er, filmþykkt, málningarkerfinu sem var valið, fjölda umferða, loftræstingu, hitastigi, kröfum um meðhöndlun hlutanna, styrk filmunnar á fyrstu stigum o.fl.



**Tillaga að málningarkerfi:**  
**FJÖLGRUNNUR** 1 x 50 míkron (þurrfilma)

**Yfirmálning:** FJÖLHÚÐ.

## Geymsla:

Vöruna skal geyma í samræmi við reglugerðir. Varan er best geymd á svölum og vel loftræstum stað, varin frá hita og beinu sólarljósi. Umbúðir skal geyma þéttlokaðar.

## Meðhöndlun:

Sýnið aðgæslu. Hrærið upp fyrir notkun.

## VOC-efni:

Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC efna fyrir þessa vöru fl. A/i 500 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 500 g/l.